

Ed.

302. Þingsályktun

um skipun nefndar til þess að rannsaka og gera tillögur um skipsmiðastöð (dock) í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 14. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd — og sé einn skipaður samkvæmt tillögum bæjarstjórnar Reykjavíkur og annar eftir tillögum stjórnar Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda — til þess að rannsaka og gera tillögur um gerð og starfrækslu skipsmiðastöðvar í Reykjavík eða í grennd við hana til skipabyggingar og skipaviðgerðar.

Ríkissjóður greiði kostnað af störfum nefndarinnar.